



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 125/1486
komudagur 10.4.2000

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík, 10. apríl 2000.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Björn Þorvaldsson nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík


**Málefni: Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði,
420. mál, menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.**

Með bréfi dags. 23. mars sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Á fundi sínum nú í dag tók Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda málið til umfjöllunar.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Með vinsemd og virðingu,
Félags löggiltra endurskoðenda


Simon Á. Gunnarsson
formaður FLE

Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík 10. apríl 2000.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Símon Á. Gunnarsson formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík.

**Málefni: Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði,
420. mál, menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd fjallaði um erindið á fundi sínum í dag og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Álitsnefnd fagnar því að settar verði skýrari reglur um aðskilnað einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfabjónustu, sem og reglur um eigin víðskipti þeirra, eigenda þeirra, stjórnenda og annarra starfsmanna. Slíkar reglur eru nauðsynlegar til að auka tiltrú á starfsemi fyrirtækjanna og verðbréfamarkaðarins í heild.


Álitsnefnd vill til viðbótar benda á, að nauðsynlegt er að auka umræðu um meðferð upplýsinga og skilgreina meðferð þeirra, þannig að ljóst megi vera hvaða upplýsingar teljast trúnaðarupplýsingar, hvenær trúnaðarskylda hefst og hvenær henni lýkur. Í þessu sambandi má einnig nefna að hugtakið "Kínamúrar" er notað í athugasemdum við frumvarpið og hefur verið í umræðunni, án þess að tilraun hafi verið gerð til að skilgreina hugtakið.

Í 9. grein frumvarpsins sem fjallar um breytingu á 2. mgr. 24. greinar laga 13/1996 segir ...”og bankaeftirlitið staðfestir.”, sem væntanlega á að vera ...”og Fjármálaeftirlitið staðfestir.”

Að öðrn leyti gerir Álitsnefnd engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Three handwritten signatures in cursive script, likely belonging to the members of the FLE Board of Directors mentioned in the text above.